

Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2017

1. Viðauki vegna vinnu við mótun menntastefnu

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 31.050 þkr. vegna vinnu við mótun menntastefnu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, Ófyrirséð og færist á kostnaðarstað D002.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-31.050
SFS	D002	Mótun menntastefnu	Til	31.050
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

2. Viðauki vegna vinnu við bætt vinnuumhverfi kennara í grunnskólum

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 26.916 þkr. vegna vinnu við bætt vinnuumhverfi kennara í grunnskólum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, Ófyrirséð og færist á kostnaðarstað M002.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-26.916
SFS	M002	Bætt vinnuumhverfi kennara í grunnskólum	Til	26.916
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017.

3. Viðauki vegna vinnu við bætt vinnuumhverfi fyrir starfsmenn frístundamiðstöðva

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 4.000 þkr. vegna vinnu við bætt vinnuumhverfi fyrir starfsmenn frístundamiðstöðva (frístundaheimili og félagsmiðstöðva). Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af liðnum 09205, Ófyrirséð og færist

á kostnaðarstað I004.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-4.000
SFS	I004	Bætt vinnuumhverfi fyrir starfsmenn fristundamiðstöðva	Til	4.000
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017.

4. Viðauki vegna vinnu við bætt vinnuumhverfi fyrir starfsfólk leikskóla

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og fristundasviðs verði hækkaðar um 4.000 þkr. vegna vinnu við bætt vinnuumhverfi fyrir starfsfólk leikskóla. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af liðnum 09205, Ófyrirséð og færist á kostnaðarstað D006.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-4.000
SFS	D006	Bætt vinnuumhverfi fyrir starfsfólk leikskóla	Til	4.000
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017.

5. Viðauki vegna tilraunaverkefnisins Tónlistarborgin Reykjavík 2017

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs verði hækkaðar um 6.507 þkr. vegna tilraunaverkefnisins Tónlistarborgin Reykjavík 2017. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af liðnum 09126, Launa- og starfsmannakostnaður og færist á kostnaðarstað 03120, verkefni 03729.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-6.507
MOF	03120	Tónlistarborgin Reykjavík 2017	Til	6.507
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 1. júní, liður 39, var samþykkt tillaga borgarstjóra dags. 29. maí 2017 um tilraunaverkefnið Tónlistarborgin Reykjavík 2017. Greinargerð fylgir tillögunni R16100002.

5. Viðauki vegna styrks til Knattspyrnufélagsins Víkings vegna viðgerða eftir vatnstjón

Lagt er til að fjárheimildir íþrótt og tómstundaráðs verði hækkaðar um 60.000 þkr. vegna styrks til Knattspyrnufélagsins Víkings vegna viðgerða í húsnæði félagsins í Mörk eftir vatnstjón sem varð á húsnæðinu í vor. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð og færist á kostnaðarstað I9300.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-60.000
ITR	I9300	Viðgerð vegna vatnstjóns hjá Knattspyrnufél. Víking	Til	60.000
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Tillögunum skal vísað til samþykkis í borgarstjórn.

Dagur B. Eggertsson



Reykjavík 2016

Jafnréttismat tekur mið af **mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar** sem miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, efnahags, ætternis, þjóðfélagsstöðu, fötlunar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Reykjavík hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum með sérstakri **áherslu á að jafna stöðu kynjanna**. Mikilvægt er að halda til haga að misrétti í garð jaðarhópa geta skarast og haft margfeldnisáhrif á jaðarsetningu s.s. á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar.

Mannréttindastefnan er m.a. byggð á lögum um **jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla** nr. 10/2008. Áhersla er á jafnan rétt kvenna og karla skal vera sýnileg í allri starfsemi borgarinnar og staða kynja á að skoðast sérstaklega í öllum þeim hópum sem stefnan nær til. Kynjuð fjárhags – og starfsáætlun er hluti af þeirri vinnu.

Hlutverk Reykjavíkurborgar er margþætt, sem **stjórnvald, atvinnurekandi, veitandi þjónustu og samstarfsaðili og verkkaupi**. Aðferðafræði kynjaðarar fjárhags- og starfsáætlunar þarf að beita á alla þessa þætti. Hafa þarf í huga við hagræðingu og forgangsroðun að gæta að hagkvæmri nýtingu fjármuna í samræmi við jafnréttismarkmið borgarinnar og ólíkar þarfir einstaklinga. Að auki er æskilegt að draga fram hvaða áhrif hagræðingaraðgerðir hafa á ólaunaða vinnu inni á heimilum.

Jafnréttismati er ætlað að tryggja að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sé fylgt, það felur í sér upplýstari ákvarðanatöku og réttlátri skiptingu fjár, eykur þekkingu á jafnréttismálum og skilning á stöðu jaðarsettra hópa. Með skilvirkri notkun á jafnréttismati er unnt að auka gagnsæi, auka hagkvæmni í rekstri og tryggja betri verkferla og stjórnunarhætti.

Niðurstöður Jafnréttismats

Nafn fagsviðs/skrifstofu:

Nafn ábyrgðaraðila:

Númer tillögu:

Dagsetning skila til FMS:

Upphæð:

I. Hver er tillagan? Bætt starfsumhverfi fagfólks á vettvangi frístundamiðstöðva/frístundastarfs í Reykjavík		
II. Hvert er markmiðið með tillögunni? Finna leiðir til að fjölga fagfólki á vettvangi frístundastarfs og bæta starfsumhverfi þeirra með það að markmiði að gera þessi störf eftirsóknarverðari.		
III. Hver eru kynjaáhrifin og áhrifin á jaðarsetta hópa? Það eru engin bein kynjaáhrif af tillögunni en þess verður gætt að í rýnihópunum sitji þverskurður af starfsfólki frístundamiðstöðvanna.		
Greining á kynjaáhrifum, áhrifum á jaðarsetta hópa og samvinnun ólíkra jaðarbreyta. Dæmi um atriði sem koma fram í greiningu eru: ▪ Hvernig er kynjasamsetning þeirra sem nýta þjónustuna? ▪ Hvaða jaðarsettu hópar nýta þjónustuna? ▪ Hefur tillagan áhrif á einhverja af þessum jaðarhópum? Hvaða áhrif? ▪ Hver er kynjasamsetningin á þeim jaðarsettu hópum? ▪ Hvernig skiptist fjárhæðin á milli kynja? ▪ Hvernig munu fjárhæðir samkvæmt tillögunni skiptast á milli kynja innan jaðarhópa? ▪ Skarast mismunur á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar?		
IV. Hvert er jafnréttismarkmið tillögunnar? (getur verið fleira en eitt)		
Efnahagslegt jafnræði	Jöfn skipting umönnunar og heimilisstarfa	Jöfn tækifæri og aðgengi til góðrar heilsu
Jöfn þátttaka og áhrif í samfélaginu	Auka sýnileika kyn- og jaðargreindrar tölfraði	Jöfn tækifæri og aðgengi til náms
Aukin virðing milli kynja og í garð jaðarsettra hópa	Sporna gegn kynbundnu ofbeldi og/eða ofbeldi sem beinist að jaðarsettum hópum	Jafna kynjaskiptingu/draga úr aðgreiningu jaðarsettra hópa
Jöfn félagsleg virkni og sjálfstæði	Sporna gegn hefðbundnum kynímyndum, staðalmyndum og stimplun	

V. Hvaða áhrif hefur það á kynjajafnrétti og jafnrétti jaðarsettra hópa ef tillagan er samþykkt?	
Eykur á misrétti kynjanna Eykur á misrétti í garð jaðarsettra hópa Viðheldur óbreyttu ástandi kynjanna Viðheldur óbreyttu ástandi jaðarsettra hópa Stuðlar að jafnrétti kynja Stuðlar að jafnrétti í garð jaðarsettra hópa	Rökstuðningur: Með því að bjóða starfsfólki frístundamiðstöðva að taka þátt í því að rýna og leggja fram tillögur að betra starfsumhverfi ættu raddir allra hópa að heyrast og líkur að aukast á því að komið verði til móts við ólíka hópa starfsfólks t.d. hvað varðar aðgengi, sveigjanlegan vinnutíma o.fl. Með betra starfsumhverfi verða störfín á frístundavettvangi eftirsóknarverðari, dregur úr manneklu og eykur umræðu um mikilvægi og inntak frístundastarfsins í samfélaginu..



Reykjavík 2016

Jafnréttismat tekur mið af **mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar** sem miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, efnahags, ætternis, þjóðfélagsstöðu, fötlunar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Reykjavík hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum með sérstakri **áherslu á að jafna stöðu kynjanna**. Mikilvægt er að halda til haga að misrétti í garð jaðarhópa geta skarast og haft margfeldnisáhrif á jaðarsetningu s.s. á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar.

Mannréttindastefnan er m.a. byggð á lögum um **jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla** nr. 10/2008. Áhersla er á jafnan rétt kvenna og karla skal vera sýnileg í allri starfsemi borgarinnar og staða kynja á að skoðast sérstaklega í öllum þeim hópum sem stefnan nær til. Kynjuð fjárhags – og starfsáætlun er hluti af þeirri vinnu.

Hlutverk Reykjavíkurborgar er margþætt, sem **stjórnvald, atvinnurekandi, veitandi þjónustu og samstarfsaðili og verkkaupi**. Aðferðafræði kynjaðarar fjárhags- og starfsáætlunar þarf að beita á alla þessa þætti. Hafa þarf í huga við hagræðingu og forgangs röðun að gæta að hagkvæmri nýtingu fjármuna í samræmi við jafnréttismarkmið borgarinnar og ólíkar þarfir einstaklinga. Að auki er æskilegt að draga fram hvaða áhrif hagræðingaraðgerðir hafa á ólaunaða vinnu inni á heimilum.

Jafnréttismati er ætlað að tryggja að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sé fylgt, það felur í sér upplýstari ákvarðanatöku og réttlátri skiptingu fjár, eykur þekkingu á jafnréttismálum og skilning á stöðu jaðarsettra hópa. Með skilvirkri notkun á jafnréttismati er unnt að auka gagnsæi, auka hagkvæmni í rekstri og tryggja betri verkferla og stjórnunarhætti.

Niðurstöður Jafnréttismats

Nafn fagsviðs/skrifstofu:

Nafn ábyrgðaraðila:

Númer tillögu:

Dagsetning skila til FMS:

Upphæð:

I. Hver er tillagan? Bætt vinnumhverfi fyrir starfsfólk leikskóla og grunnskóla		
II. Hvert er markmiðið með tillögunni? Að skoða hvernig bæta megi vinnumhverfi fyrir starfsfólk.		
III. Hver eru kynjaáhrifin og áhrifin á jaðarsetta hópa? Það eru engin bein kynjaáhrif af tillögunni en þess verður gætt að í rýnihópunum sitji þverskurður af starfsfólki leikskóla, og grunnskóla		
Greining á kynjaáhrifum, áhrifum á jaðarsetta hópa og samtvinnun ólíkra jaðarbreyta. Dæmi um atriði sem koma fram í greiningu eru: ▪ Hvernig er kynjasamsetning þeirra sem nýta þjónustuna? ▪ Hvaða jaðarsettu hópar nýta þjónustuna? ▪ Hefur tillagan áhrif á einhverja af þessum jaðarhópum? Hvaða áhrif? ▪ Hver er kynjasamsetningin á þeim jaðarsettu hópum? ▪ Hvernig skiptist fjárhæðin á milli kynja? ▪ Hvernig munu fjárhæðir samkvæmt tillögunni skiptast á milli kynja innan jaðarhópa? ▪ Skarast mismunur á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar?		
IV. Hvert er jafnréttismarkmið tillögunnar? (getur verið fleira en eitt)		
Efnahagslegt jafnræði	Jöfn skipting umönnunar og heimilisstarfa	Jöfn tækifæri og aðgengi til góðrar heilsu
Jöfn þátttaka og áhrif í samfélaginu	Auka sýnileika kyn- og jaðargreindrar tölfraði	Jöfn tækifæri og aðgengi til náms
Aukin virðing milli kynja og í garð jaðarsettra hópa	Sporna gegn kynbundnu ofbeldi og/eða ofbeldi sem beinist að jaðarsettum hópum	Jafna kynjaskiptingu/draga úr aðgreiningu jaðarsettra hópa
Jöfn félagsleg virkni og sjálfstæði	Sporna gegn hefðbundnum kynímyndum, staðalmyndum og stimulun	

V. Hvaða áhrif hefur það á kynjajafnrétti og jafnrétti jaðarsettra hópa ef tillagan er samþykkt?	
Eykur á misrétti kynjanna Eykur á misrétti í garð jaðarsettra hópa Viðheldur óbreyttu ástandi kynjanna Viðheldur óbreyttu ástandi jaðarsettra hópa Stuðlar að jafnrétti kynja Stuðlar að jafnrétti í garð jaðarsettra hópa	Rökstuðningur: Með því að bjóða starfsfólki að taka þátt í því að rýna og leggja fram tillögur að betra starfsumhverfi ættu raddir allra hópa að heyrast og líkur að aukast á því að komið verði til móts við ólíka hópa starfsfólks t.d. hvað varðar aðgengi, sveigjanlegan vinnutíma ofl. Með bættara umhverfi dregur úr líkum á langtímaveikindum, starfsánægja ætti að aukast og betra starfsumhverfi gæti stuðlað að aukningu karla en þeir eru í miklum minnihluta starfsfólks í dag.